



Minnisblað til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað með reglum um styrki til náms, verkfæra og tækjakaupa

Dags: 16. mars 2020

Málsnúmer: 202002277/10.6.0

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Frá: Sigurbjörg Fjöl意思dóttir, Verkefnastjóri þróunar- og gæðamála

Forsaga

Styrkir til fatlaðs fólks vegna náms, verkfæra- og tækjakaupa hafa verið veittir á grundvelli 27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 sem nú eru fallin úr gildi og er heimildarákvæði.

Núgildandi reglur Mosfellsbæjar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa voru settar með vísan í brottfallin lög og tóku gildi á árinu 2012.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur, hófu vinnu á síðasta ári við að samræma þær reglur sem gilda um þessa heimild milli sveitarfélaganna. Fyrir Mosfellsbæ er ekki um miklar breytingar milli reglna að ræða. Þær breytingar sem um er að ræða eru taldar upp hér að neðan.

Greinargerð

Uppfærðar reglur eru með vísan í lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 en ekki brottfelld lög eins og fyrri reglur vísuðu í.

2. gr. Hér er verið að skerpa á því að reglurnar eigi við um fólk sem falla undir málefni fatlaðs fólks.

2. gr. var: „Búi við varanlega örorku“.

2. gr. verður: „Hafa varanlega örorku og uppfylla skilyrði um fötlun samkvæmt 2. gr. laga nr. 38/2018.“

4. gr. Í þessari grein kemur nú fram hvenær styrkur sé laus til umsóknar, en í fyrri reglum kom ekki fram hvenær ársins auglýst væri eftir umsóknum.

6. gr. Breyting hefur orðið á því hversu oft styrkur er veittur til sama einstaklings. Í fyrri reglum var styrkur ekki veittur oftari en á þriggja ára fresti, en nú er miðað við á tveggja ára fresti.

9. gr. Bætt hefur verið inn grein um rétt til áfrýjunar.

Í fyrri reglum kom fram að úthlutun styrkja væri á ábyrgð fjölskyldunefndar. Þetta ákvæði er ekki í nýrri útgáfu af reglunum, enda er gert ráð fyrir að fjölskyldusvið taki á móti umsóknum og fjalli um þær umsóknir á trúnaðarmálafundi þar sem veiting styrkja er ákveðin út frá þeim fjárheimildum sem sviðið hefur til þessa.

Er hér því óskað eftir því að fjölskyldunefnd samþykki framanlögð drög að nýjum reglum um styrki til náms, verkfæra- og tækjakaupa.



Virðingarfyllst,

Sigurbjörg Fjöl意思dóttir
verkefnastjóri